



## Úrkomumælingar í safnmælum á vegum Orkustofnunar 1988

**Kristinn Einarsson**

**Greinargerð KE-89-01**

## Úrkomumælingar í safnmælum á vegum Orkustofnunar 1988

### Inngangur

Lýst er athugunum í safnmælum ("totalisatorum") á hálendinu á árinu 1988, en Vatnamælingar Orkustofnunar hafa annast þær um áratuga skeið. Niðurstöður birtast í Ársyfirliti Veðráttunnar, útgefnu af Veðurstofu Íslands. Greinargerðin er rituð til þess að koma þessum athugunum á framfæri við Veðurstofuna.

### Athuganir 1988

Vísað er til tveggja bréfa Bjarna Kristinssonar, Orkustofnun, til Veðurstofunnar, dags. 1987-04-21 og 1987-09-07, en þar er lýst athugunum í safnmælum 1986 og 1987. Hann hefur einnig framkvæmt mest af þeim athugunum sem hér er lýst. Um mælinn í Krepputungu sér Ásgeir Gunnarsson.

Í töflu 1 eru gefnar tölur um athuganir í safnmælum 1988-'89. "Ný staða" gefur álestur að aflokinni tæmingu og enduráfyllingu með saltblöndu og olíu.

Við umreikning á mældum sm í safnmæli yfir í mm úrkomu er miðað við tölur í skilagrein Vatnamælinga nr. 164 "Snjómæling inni á hálendinu. Úrkomumælingar", sem Sigurjón Rist ritaði síðla árs 1958. Þar er lýst kvörðun á safnmælinum í Jökulheimum, en hann mun vera sömu gerðar og aðrir safnmælar á hálendinu. Skv. henni er hlutfallið milli flatarmála söfnunarbelgs og mæliops  $14,16 \pm 0,10$ . Hver sm í safnmæli svarar þá til 141,6 mm úrkomu, og er sá fasti notaður hér á eftir í töflu 2, en þar er gefin úrkoma í safnmælum 1988.

TAFLA 1. Athuganir í safnmælum 1988-'89				
Mælistaður	Staðsetning	Hæð m y.s.	Dags.	Álestur sm
Fimmvörðuháls - ný staða	63°35'N 19°28'W	630	1988-11-28	-60,6
			"	-88,4
Hald við Tungnaá - ný staða	64°10'N 19°24'W	290	1988-07-13	-88,2
			1988-09-16	-87,6
			"	-93,3
Veiðivatnahraun - ný staða	64°21'N 18°39'W	605	1988-07-13	-85,4
			1988-09-22	-84,4
			"	-90,1
Ljósufjöll - ný staða	64°14'N 18°34'W	645	1988-07-13	-85,1
			1988-09-22	-83,9
			"	-90,0
Jökulheimar - ný staða	64°18'N 18°15'W	675	1988-07-13	-86,8
			1988-09-22	-86,0
			"	-92,4
Kjalöldur - ný staða	64°26'N 18°55'W	590	1988-02-12	-89,5
			1988-07-01	-88,2
			1988-09-22	-87,4
			"	-92,5
			1989-04-09	-88,7
Bláfellsháls	64°32'N 19°53'W	550	1988-02-02	-81,1
			1989-04-01	-80,1
Tangaver	64°33'N 19°46'W	425	1988-02-03	-86,8
			1988-04-07	-85,2
			1988-09-16	-88,5
			1989-04-02	-82,2
Krepputunga - ný staða  - ný staða	65°05'N 16°13'W	550	1987-09-28	-90,4
			1987-09-29	-91,9
			1988-01-17	-91,3
			1988-06-28	-90,6
			1988-08-10	-90,0
			1988-09-01	-89,3
			1988-10-21	-88,3
			1988-10-22	-86,7
1989-01-12	-86,5			

TAFLA 2. Úrkoma í safnmælum 1988				
Mælistaður	Staðsetning	Hæð [m y.s.]	Tímabil	Úrkoma [mm]
Fimmvörðuháls	63°35'N 19°28'W	630	1987-11-09 - 1988-11-28	
Hald við Tungnaá	64°10'N 19°24'W	290	1987-08-27 - 1988-09-16	694
Veiðivatnahraun	64°21'N 18°39'W	605	1987-08-28 - 1988-09-22	609
Ljósufjöll	64°14'N 18°34'W	645	1987-08-28 - 1988-09-22	708
Jökulheimar	64°18'N 18°15'W	675	1987-08-28 - 1988-09-22	708
Kjalöldur	64°26'N 18°55'W	590	1987-08-28 - 1988-09-22	566
Bláfellsháls	64°32'N 19°53'W	550	1987-09-19 - 1988-02-02	
Tangaver	64°33'N 19°46'W	425	1987-09-19 - 1988-09-16	
Krepputunga	65°05'N 16°13'W	550	1987-09-29 - 1988-10-21	510

Eyður eru í töflu 2 vegna skorts höfundar á upplýsingum um upphafsstöðu í viðkomandi mælum.